FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Kenningar í félagsfræði
Námsgrein:	félagsfræði
Viðfangsefni:	Kenningar, samfélag
Skammstöfun:	FÉLA2KF05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum er fjallað um frumkvöðla félagsfræðinnar, kenningar þeirra og framlag til aukins skilnings á samfélaginu sem er skoðað í ljósi mismunandi kenninga og drepið er á nokkrum þekktum rannsóknum innan félagsvísinda. Áhersla er lögð á að nemendur átti sig á og öðlist dýpri skilning á hugtökum sem voru kynnt í FÉLA1FS05 og setji þau í fræðilegra samhengi.
Forkröfur:	FÉLA2FS05
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • kenningum helstu frumkvöðla félagsfræðinnar • lagskiptingu í félagsfræðilegu samhengi • frávikum og afbrotum í félagsfræðilegu samhengi • samskiptum í félagslegu samhengi • kynhlutverkum og áhrifum þeirra á líf fólks
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • beita gagnrýninni hugsun • beita sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum • beita félagsfræðikenningum til að skoða samfélagsleg málefni • nota kenningar í félagsfræði til að greina og beita þeim á ólík samfélög • tjá sig fyrir framan aðra • skrifa skýran og skilmerkilegan texta um afmarkað efni
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • fjalla á gagnrýninn hátt um samfélagsleg málefni • efla jákvæða og uppbyggilega félags- og samskiptahæfni • vera meðvitaður og gagnrýninn á áhrif fyrirmynda og staðalmynda á eigin ímynd og lífstíl • skilja hlutverk kyns og kyngerfis í samfélaginu • þekkja eigin styrkleika og geta sett sér raunhæf markmið
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.